

Skólaráðsfundur

17. maí 2017

Mættir: Kristín Hulda (fulltrúi skóla), Magnús (fulltrúi foreldra), Rut (nemandi), Svava (skólastjóri), Elín (fulltrúi skóla). Forföll: Sigurdís (fulltrúi nemenda) Tinna (fulltrúi skóla, fæðingarorlof). Fjarverandi: Oddur (fulltrúi foreldra) og Inga Rut (fulltrúi íbúasamfélags).

1. Skólapúlsinn

- Farið yfir niðurstöður úr starfsmannakönnun.
- Almenn ánægja meðal starfsfólks. Einhverja þætti starfsins má skoða betur.

2. Samræmd próf

- Óánægja með mismunandi próf meðal nemenda og því að ekki var farið fram á útreikninga.
- 9. bekkur stóð sig afburða vel á öllum prófum. 10. bekkur vel yfir meðaltali í ensku. Sami kennari sér um enskukennslu frá 2. bekk til 10. og er því mikil samfella í kennslunni.
- Umræða um glósur á málfræðireglum. Í ensku eru allar nýjar reglur glósaðar strax en ekki í íslensku.
- Ritun ekki prófuð í íslensku og ensku og hefur það sætt gagnrýni.
- Almenn ánægja meðal nemenda með morgunverðarstund á undan prófunum.

3. Móðurmál – Hvað er málið?

- Undanfarnar 12 vikur hefur móðurmálskennsla á öðrum tungumálum átt sér stað. Fékkst styrkur fyrir verkefninu fyrir þessu skólaári upp á 800.000kr sem hefur verið nýttur í kennsluna. Kennsla hefur farið fram í skólanum á pólsku en í fjarkennslu á öðrum tungumálum. Rússnesku, tælensku og tagalog (Filipeyskt tungumál). Fyrir áframhaldandi vinnu á þessu verkefni næsta skólaár var sótt um styrk í Sprotasjóð og voru samþykktar 1.300.000 kr. Mikil ánægja með það.

4. Skipulag vordaga

- 10. bekkur í vorferð og hafa fregnir borist af góðu gengi þar.
- Orð af orði námskeiði hjá kennurum að ljúka.
- Þemadagar í næstu viku, unnin verða mismunandi verkefni um heimabyggðina.
- Vorsýning skólans á uppstigningadag, foreldrafélag býður upp á sýningu hjá Einari töframanni. 6. bekkur verður með tombólu og kaffisölu til fjáröflunar fyrir skólabúðir á Reykjum.
- Skólahlaup verður miðvikudaginn 31. maí. Boðið verður upp á grill í Aragerði að því loknu.
- 1. júní er skipulagsdagur starfsfólks.
- 2. júní – skólaslit kl. 9:00 og 10:30.

5. Viðurkenningar á skólaslitum

- Í kjölfar breytinga á einkunnakerfi úr tölum í bókstafi voru uppi áform um að hætta að veita viðurkenningar fyrir námsárangur. Eftir miklar umræður í starfsmannahóp var ákveðið að endurskoða þau áform og verða áfram veittar viðurkenningar að einhverju leiti.

6. Viðhald á skóla

- Vinna í gangi við að klæða skólann að utan.
- Verið að vinna í að skipuleggja viðhald sem þarf að fara fram á meðan sumarfrí nemenda er.
- Rætt um mögulega stækkun á skólahúsnæði en næsti áfangi gerir ráð fyrir viðbótarálmum með 8 kennslustofum.

7. Upplýsingar um starfsmannamál

- Almennir starfsmenn sem hafa verið ráðnir inn fyrir næsta skóla ár eru 4. Ein sem er ráðin inn í stað Margrétar Ásgeirsdóttur sem lætur af störfum. 3 eru ráðnir inn tímabundið í afleysingar vegna starfsmanna í fæðingarorlofi og fleira.
- Kennararáðningar eru enn í gangi og verið að skipuleggja næsta vetur. Ráðin hefur verið inn kennari til að sjá um tónlistarkennslu í 1. – 10. bekk. Á stefnuskrá er að stofna skólakór. Ráðinn hefur verið inn starfsmaður í kennaranámi sem kemur til með að sinna umsjónarkennslu í 1. bekk.

8. Eineltsiáætlun

- Svava óskar eftir því við skólaráð að það lesi vel yfir eineltsiáætlun skólans fyrir næsta fund sem verður í haust. Skoða þarf vel hvort gera þurfi úrbætur á áætluninni.
- Af gefnu tilefni upplýsir Svava að þegar einelstistilkynningum er skilað inn vegna hugsanlegs eineltis sem nemendur/starfsmenn verða fyrir er alltaf unnið samkvæmt eineltsiáætlun skólans.

9:30 Rut fer af fundi til að mæta í próf.

9:50 fundi slitið

Fundarritari:

Elín Þ. Samúelsdóttir